



KPMG ehf.  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Vefang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

**Til stjórnar:**

Síminn hf.  
kt. 460207-0880  
Ármúla 25  
108 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2022

**Efni: Umsögn endurskoðanda, sbr. c-lið 2. mgr. 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög**

Stjórn Símans hf. hefur lagt fram skýrslu í samræmi við b-lið 2. mgr. 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Skýrslan er samin samhliða tillögu sem stjórn félagsins hyggst leggja fram á hluthafafundi sem áætlað er að halda þann 26. október 2022. Tillaga stjórnar miðar að því að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 2.900.000.000 að nafnverði með greiðslu til hluthafa á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, en lagt er til að greiða kr. 31.500.000.000 til hluthafa.

Undirritaður endurskoðandi hefur yfirfarið fyrirbyggjandi skýrslu og lýsir því hér með yfir að mér er ekki kunnugt um annað en að skýrslan sé rétt, að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja.

Virðingafyllst,

**KPMG ehf.**

Sigríður Soffía Sigurðardóttir  
Endurskoðandi